

GJALDSKRÁ

fyrir losun taðþróa í Hlíðarþúfum í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Af öllum hestúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hestúsahverfi:

Taðþróargjald* pr. stú	<i>Gjald fyrir árið 2019 *</i> 15.574 kr.
------------------------	--

* Taðþróargjald á hverja stú samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi. Gjaldskráin er samþykkt í bæjarráði 31. október 2018 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. desember 2018.

8. gr.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 1217/2017 úr gildi.

Hafnarfirði, 12. desember 2018.

F.h. bæjarstjórnar,

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.